

Fundargerð

9. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjárfundarbúnað, 15. apríl 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Þorsteinn Gunnarsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum - 1909046

Samkvæmt bókun samstarfsnefndar á 1. fundi þann 20.6.2019 er gert ráð fyrir að formaður og varaformaður skiptist á hlutverkum á miðjum verkefnistíma Þingeyings.

Samþykkt að Helgi Héðinsson taki við formennsku í samstarfsnefnd af Arnóri Benónýssyni og að Arnór taki við varaformennsku. Helgi tók við stjórn fundarins.

2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Lögð fram tillaga að breytingum á tímaáætlun Þingeyings vegna COVID-19 faraldurs og samkomubanns. Í tillögunni er gert ráð fyrir að vinnu starfshópa verði fram haldið í ágúst og að ráðgjafar taki að sér aukið hlutverk í gagnaöflun. Áfram er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir fái álit samstarfsnefndar til afgreiðslu í desember og að kosning um sameiningu geti farið fram í mars 2021.

Tillaga samþykkt. Róbert og Jóni Hróa falið að senda tilkynningu á þátttakendur í starfshópum. Þorsteini falið að rita frétt á vef verkefnisins um breytingarnar.

3. Nýsköpun í norðri - 1909032

Helgi, Arnór og Jóna Björg fóru yfir stöðu Nýsköpunar í Norðri.

Vinnan við NÍN gengur vel. Sex starfshópar eru að störfum og vinna að útfærslu sex meginaðgerða. Sameiginlegur kynningarfundur hópanna verður haldinn á morgun (16.4.). Stefnt er að vinnustofu 11 maí. Útfærðari tillögur að verkefnum ættu að liggja fyrir fyrir hana. Afurðir verkefnisins hafa komið að góðum notum við að koma hugmyndum um aðgerðir til að bregðast við efnahagssamdrætti á framfæri.

Bætt við dagskrá með samþykki fundarmanna.

4. Minnisblað um aðgerðir fyrir sveitarfélög vegna COVID-19 - 2004006

Helgi óskaði eftir umræðu um viðbrögð sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar við aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 og áhrifum þeirra á sveitarfélög.

Samþykkt að oddvitar, sveitarstjórar og ráðgjafar vinni drög að minnisblaði fyrir sveitarstjórnirnar sem taki mið af aðgerðum ríkisstjórnarinnar á næstu dögum. Minnisblaði verður sent fundarmönnum til yfirlstrar.

Fundi slitið kl. 17:00.

Arnór Benónýsson

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Jóna Björg Hlökkversdóttir

Ragnildur Hólm
Sigurðardóttir

Halldór Þorlákur Sigurðsson
